



Fundargerð hreppsnefndar 07. mars 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 7. mars 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundin voru mætt: Björn Gunnar Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Dögg Valsdóttir, Bárður Jónasson, Þórunn Egilsdóttir og Gurðrún Anna Guðnadóttir er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 14. feb. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 14. feb. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 2. mál. Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga frá 14. feb. sl., varðandi landsþing sambandsins 15. mars nk.
Lagt fram bréf Sambands ísl. sveitarfélaga frá 14. feb. sl., þar sem boðað er til XXVII. landsþings Sambandsins 15. mars nk.
Oddviti sveitarstjórnar mun mæta á þingið.
 3. mál. Lánasjóður sveitarfélaga bréf dags. 18. feb. sl., varðandi aðalfund sjóðsins 15. mars nk.
Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 18. feb. sl. varðandi aðalfund sjóðsins sem haldinn verður 15. mars nk.
Fulltrúi sveitarfélagsins mætir á fundinn.
 4. mál. Starf fulltrúa menningararfs -og ferðamála, ráðning. - Áður fjallað um málið á fundi hreppsnefndar 14. feb. sl.
Oddviti gerði grein fyrir fyrirhugaðri ráðningu, en í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var sérstaklega áætlað fyrir launakostnaði vegna nýs starfsmanns, sem vinna á að samhæfingu ferðamála- og menningararfs í sveitarfélaginu.
Starfið hefur verið auglýst og barst ein umsókn, sem var frá Berghildi Fanneyju Hauksdóttur.

Gerð var grein fyrir áætluðum launakostnaði og starfssviði viðkomandi starfs. Um málið hefur einnig verið fjallað á fundi hreppsnefndar 14. feb. sl.
Að loknu máli sínu lagði oddviti fram svofellða tillögu:

„ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að ráða Fanneyju Hauksdóttur í starf fulltrúa menningararfs- og ferðamála. Um er að ræða fullt starf sem kostað verður af Vopnafjarðarhreppi og Minjasafninu í Bustarfelli til samræmis við gögn sem kynnt hafa verið. Ráðningin verði tímabundin til tveggja ára og skal endurskoðast að ári liðnu.
Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá ráðningu við viðkomandi.“
- Nokkrar umræður urðu um málið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.
Að því búnu var gengið til atkvæða um tillögu oddvita og var hún samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá.
5. mál Bréf Fljótshéraðs frá 19. feb. sl., varðandi málefni Safnahúss
Lagt fram bréf Fljótshéraðs frá 19. feb. sl., varðandi málefni safnahúss á Egilsstöðum.
Sveitarstjórn telur eðlilegt að eigendur Héraðsskjalasafnsins láti skoða þessi mál í samvinnu við annan rekstur í húsinu. Í þeim efnum verði litið til faglegrar hliðar og viðhaldsmála húsakosts. Á grundvelli slíkrar skoðunar verði endanleg ákvörðun tekin.

Málsmeðferð þessi var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

6. mál. Drekasvæðið, framvinda mála.

Gerð var grein fyrir framvindu mála í Drekasvæðismálum og mikilvægi þess að vinna áfram að undirbúningi mála í samvinnu Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar með það í huga að sem mest atvinna skapist á svæðinu, vegna fyrirhugaðrar olfuleitar og þjónustu við hana. Jafnframt var gerð grein fyrir því að rætt hefur verið við verkfræðistofnuna Eflu um að ræða við erlenda samstarfsaðila í þessu sambandi. Kostnaður af slíkri ferð skiptist milli Eflu og sveitarfélaganna. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að þessi ferð verði farin. Á næstu dögum verður haldinn sérstakur fundur fulltrúa sveitarfélaganna um þessi mál og hvernig best verður að stíga næstu skref.

7. mál. Tilkynning frá menningarfulltrúa um úthlutun menningarstyrkja 8. mars. nk.

Lögð fram tilkynning frá menningarfulltrúa Austurlands varðandi úthlutun menningarstyrkja, sem verður 8. mars nk. á Djúpavogi.

Fulltrúar Sveitarfélagsins munu mæta á staðinn.

8. mál. Velferðarvaktin bréf dags. 20. feb. sl. varðandi fjölskyldustefnu sveitarfélaga.

Lagt fram bréf frá Velferðarvaktinni frá 20. feb. sl., varðandi gerð sérstakrar fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélögin.

Hreppsnefnd telur æskilegt að huga að gerð slíkrar áætlunar en engar ákvarðanir voru teknar að svo stöddu.

9. mál. Minnisblað Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 26. feb. sl., varðandi álitæfni í frumvarpi um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Lagt fram til kynningar minnisblað Sambands ísl. sveitarfélaga um helstu álitæfni í frumvarpi um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið sambandsins í þessum efnum.

10. mál. Áætlunarflug á leiðinni Akureyri-Vopnafjörður-Þórshöfn-Akureyri. Að óbreyttu fellur flugið niður um áramót nk. - Ályktun-

Gerð var grein fyrir því að áætlað er að áætlunarflug milli Akureyrar og Vopnafjarðar verði fellt niður um næstkomandi áramót 2013/2014. Hér er um eina almenningssamgöngumáta til og frá Vopnafirði að ræða.

Hreppsnefnd Vopnafjarðar hefur margítrekað ályktað um mikilvægi þess að tekin verði skýr afstaða til þess að styrkja áfram flug á flugleiðinni Ak.-Vopn.-Þórshöfn- Ak.

Sveitarstjóra og oddvita í samráði við fulltrúa Langanesbyggðar falið að ræða við innanríkisráðuneytið og vegagerðina um þessi mál.

11. mál. Bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 25. feb. sl., þar sem óskað er eftir umsögn um reglugerð um eftirlit stofnunarinnar með náttúru landsins.

Lagt fram bréf Umhverfisráðuneytisins frá 25. feb. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Vopnafjarðarhrepps um reglugerð um eftirlit stofnunarinnar með náttúru landsins.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf forsætisráðuneytisins, þar sem ráðuneytið boðar komu sína 15. maí nk. til Vopnafjarðar vegna Þjóðlendumála.

Fulltrúar ráðuneytisins munu koma í maí og halda fund með Vopnafirðingum um þessi mál.

b) Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi málþing um byggðamál og svæðasamvinnu 14. mars nk.

Lagt fram til kynningar.

c) Samrit af bréfi Skólaskrifstofu Austurlands dags. 12. feb. sl., varðandi óvissu í þjónustu geðlæknis og sálfræðings fyrir börn á FSA.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur undir áhyggjur Skólaskrifstofunnar í þessum efnum.